


Lýðheilsukort – kvittanir

Þegar reikningur vegna lýðheilsukorts hefur verið gefinn út og krafa stofnuð í netbanka er hægt að sækja pdf útgáfu reiknings í [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#).

Þegar komið er inn í þjónustugátt er farið í valmyndina “Álagning og reikningar” - “Mínir reikningar frá Akureyrarbæ”. Þar birtist yfirlit yfir nýjustu reikninga frá Akureyrarbæ ásamt greiðslulínunum hafi reikningar verið greiddir.

Í dálknum Lýsing finnið þið textann “Lýðheilsukort”, smellið á táknið aftast í línunni til að opna pdf reikning sem þið svo vistið hjá ykkur. Þennan reikning sendið þið með umsókn t.d. til stéttarfélags.

Mínir reikningar frá Akureyrarbæ

| Dags. | Tegund | | | | |
|-------------------------|--------------------------|------------|-----------|--------------|---|
| 20.03.2019 - 20.03.2024 | | | | | |
| Dags. | Lýsing | Gjalddagi | Fjárhæð | Eftirstöðvar | |
| 01.02.2024 | Lýðheilsukort A | 01.02.2024 | 8.613 kr | 0 kr |  |
| 01.02.2024 | Greiðsla á greiðsluseðli | | -8.613 kr | | |

Sum stéttarfélög veita aðeins endurgreiðslu af greiddri upphæð. Önnur samþykkja endurgreiðslu þó ekki hafi öll ársupphæðin verið greidd, þá þarf að sýna fram á 12 mánaða skuldbindingu.

Hægt er að sýna fram á skuldbindingu með því að láta umsóknarform lýðheilsukortsins fylgja með reikningi. Einnig þarf afrit umsóknarforms að fylgja með ef maki greiðanda, sem skráður er á umsóknarform, vill sækja um endurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi.

Afrit umsóknarforms má nálgast í þjónustugátt Akureyrarbæjar undir valmyndinni “Málin mín”. Smellið á málsnúmer og síðan á hlekkinn undir “Fylgiskjöl”. Vistið formið hjá ykkur sem pdf skjal.

Ef stéttarfélag fer fram á greiðslustaðfestingu, þarf að senda greiðslukvittun úr netbanka sem sýnir að reikningurinn hafi verið greiddur. Finna þarf í banka-appi eða netbanka greiðslu til Akureyrarbæjar með skýringunni “Íþróttahús”. Athugið að upphæð greiðslu þarf að stemma við reikninginn úr þjónustugáttinni.

Ef ofangreindar leiðir duga ekki til, er hægt að fá kvittun í afgreiðslu Sundlaugar Akureyrar.